



Forsætisnefnd

***Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um starfsaðstöðu fyrir kjörna fulltrúa í Ráðhúsi -
umsögn***

Á fundi forsætisnefndar 28. maí sl. lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

Óskað er eftir að kjörnir fulltrúar í minnihluta fái starfsaðstöðu í Ráðhúsinu líkt og kjörnir fulltrúar meirihlutans. Lagt er til að minnihlutinn hafi fasta starfsaðstöðu í Pollinum. Pollurinn er vannýtt húsnæði í Ráðhúsinu þannig að auðveldlega ætti að vera hægt að verða við þessari ósk.

Í samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa kemur fram að Reykjavíkurborg leggur hverjum borgarfulltrúa til skrifstofu og almennan skrifstofubúnað, þ.m.t. fartölvu, auk aðgangs að fundaraðstöðu. Skrifstofa borgarstjórnar annast skrifstofuþjónustu fyrir borgarfulltrúa, s.s. gagnaöflun, símaþvöslu, ritvinnslu, undirbúning funda o.þ.h. Skrifstofa borgarstjórnar rekur í þessu skyni skrifstofu- og fundaraðstöðu fyrir kjörna fulltrúa að Tjarnargötu 12. Samkvæmt ákvörðun forsætisnefndar á síðasta kjörtímabili, í því skyni að undirbúa borgarstjórn fyrir fjölgun borgarfulltrúa með lágmarks kostnaðarauka fyrir Reykjavíkurborg, var fyrirkomulagi við vinnuaðstöðu borgarfulltrúa breytt á þann hátt að nú er þar að finna skrifstofuaðstöðu fyrir allt að 15 manns í opnu rými, pósthólf borgarfulltrúa, þrjú fundarherbergi, kaffistofa og móttökuherbergi borgarfulltrúa. Allir borgarfulltrúar og 1. varaborgarfulltrúar hafa aðgang að þessu rými og eru fundarherbergin einungis ætluð kjörnum fulltrúum.

Pollurinn hefur verið opinn í núverandi mynd síðan 24. október 2019 og er um að ræða fjölnota fundarrými sem var hannað af starfsfólki Ráðhússins í framhaldi af tillögum starfsfólks til að bæta starfsumhverfi og starfsanda í húsinu. Pollurinn er afar vel nýttur af starfsmönnum hússins sem bera alla ábyrgð á honum enda um að ræða opinn vettvang þeirra sjálfra. Pollurinn er nýttur og oftast fullsetinn daglega í hádegishléi starfsmanna auk þess sem hann er sameiginleg kaffiástaða hússins. Samkvæmt dagbók Pollsins er hann að jafnaði með

hátt í 80% nýtingu fyrir alls kyns viðburði starfsmanna auk kaffiaðstöðunnar s.s. fræðslufundi, ráðstefnur, starfsmannafundi og vinnufundi. Samkvæmt skráningu er Pollurinn því betur nýttur en önnur fundaherbergi Ráðhússins og er því ekki unnt að taka undir með tillöguflytjendum að um sé að ræða vannýtt húsnæði. Pollurinn er opið fjölnotarými, töluvert minna en það opna rými sem borgarfulltrúar hafa nú þegar til umræða á Tjarnargötu 12.

Þess er ekki getið í tillögunni hvort gert er ráð fyrir að Pollurinn komi í stað vinnu- og fundaraðstöðu borgarfulltrúa að Tjarnargötu 12 eða hvort um er að ræða viðbót. Þó skal bent á að 26 borgarfulltrúar hafa nú aðgang að vinnuaðstöðunni að Tjarnargötu 12, 18 borgarfulltrúar og 8 fyrstu varaborgarfulltrúar en Pollurinn er mun minni en aðstaða borgarfulltrúa í Tjarnargötu. Að auki er bent á að það er ekki innan valdheimilda forsætisnefndar að taka bindandi ákvarðanir um breytingar á innra fyrirkomulagi í Ráðhúsinu, en eins og fram kom að ofan er umrætt rými ekki laust til afnota og hefur þegar verið ráðstafað til notkunar fyrir starfsfólk hússins.

Með vísan til ofangreinds er mælt með því að tillagan verði felld.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar